

KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 7. árgangur • 2. tölublað • maí 2011



Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



ÁRSHÁTÍÐ AKURSKÓLA

Árshátíð Akurskóla var haldin 25. mars sl. Þemað að þessu sinni var klassísk tónlist og útfærðu nemendur það á fjölbreyttan hátt í skemmtiatriðum sínum. Meðal annars sýndu krakkarnir í 2.-3. bekk klassíska tónverkið Karnival dýranna eftir Saint-Saëns. Nemendur höfðu lesið bókina um Karnival dýranna og unnið ýmis verkefni og var lokaafresturinn sýning þeirra á árshátíðinni og nokkrir nemendur spiluðu á hljóðfæri sem þeir hafa verið að læra á í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur í 4. og 5. bekk sýndu hinn sígilda söngleik Grease.

Eftir dagskrá í sal var boðið upp á kaffihlaðborð í rýmum nemenda. Árshátíðin tókst einstaklega vel til og skemmtu allir sér konunglega.



AKURPENNING 2011

Rítunarkeppnin, Akurpenninn, var haldin í fyrsta sinn í vetur. Keppnin var ætluð nemendum í 4. – 10. bekk og var viðfangsefnið vinátta í allri sinni mynd. Rúmlega þrjátíu sögur bárust í keppnina og gaman var að sjá hugmyndaauðgi og færni nemenda í að skrifa sögu. Fern verðlaun voru veitt en þau hlutu Axel Jónsson, Marianna Líf Swain, Eydís Ósk Kolbeinsdóttir og Karen Mist Arngeirsdóttir. Hér fyrir neðan má lesa sögu Karenar Mist um köttinn og maríubjölluna. Við óskum verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn.



Verðlaunahafar í Akurpennakeppninni 2011, frá vinstri: Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Karen Mist Arngeirsdóttir, Marianna Líf Swain og Axel Jónsson.

VERÐLAUNASAGA

Kötturinn og maríubjallan

Höfundur: Karen Mist Arngeirsdóttir

Einu sinni var maríubjalla sem flaug fyrir ofan lítið tré. Rétt hjá litla trénu var lítið hús. Einn daginn flaug maríubjallan inn um gluggann á litla húsinu. Þar sá hún kött sem svaf á koddanum. Hún flaug til kattarins og lagðist ofan á koddann sem kötturinn svaf á og sofnaði fljótt. Kötturinn vaknaði og sá maríubjölluna, hann ýtti henni af koddanum og hún datt í gólfíð. Kötturinn fór aftur að sofa. Maríubjallan vaknaði og fann að vængurinn var brotinn, hún fór að gráta. Svo þurrkaði hún tárin leit upp og sá að kötturinn var enn sofandi. Hún hugsaði með sjálfri sér ef kötturinn gerir eitthvað annað við mig þá verð ég ekki glöð. Hún skreið aftur uppá koddann lagðist niður og sofnaði brátt værum blundi. Eftir nokkra stund vaknaði kötturinn aftur og sá maríubjölluna. „Hvað er hún komin aftur,“ sagði hann og ýtti henni aftur niður á gólf. Maríubjallan vaknaði við fallið og fann að vængurinn var dottinn af. Þá varð hún mjög reið, skreið upp á koddann, vakti köttinn og sagði: „Heyrðu köttur, vaknaðu ég þarf að tala við þig.“ Kötturinn opnaði augun og horfði furðu lostinn á reiða maríubjölluna. „Í fyrra skiptið sem þú hentir mér niður á gólf þá braustu vænginn minn, núna datt hann af og ég kemst þá ekki heim.“ Kettinum var alveg sama og sneri sér við og fór aftur að sofa. Maríubjallan varð mjög leið og lagðist á gólfíð og fór að gráta.

Um nóttina dreymdi köttinn lítinn draum. Draumurinn var svona: Kötturinn var að labba í dýragarðinum, þar sá hann mjög stór dýr. Hann sá fila og fór inn í búrið þeirra. Í búrina var fata með vatni í. Kötturinn var þyrstur og ákvað að

fá sér að drekka. Filarnir voru ekki ánægðir með að fá boðflennu sem drakk allt vatnið þeirra. Einn fillinn steig ofan á rófunu á kettinum. Hann æpti upp „Á, á þetta er vont.“ Kötturinn skreið út úr búri filanna og fór til ljónanna. Ljónin voru heldur ekki ánægð með heimsóknina og byrjuðu að klóra hann. Kötturinn brast í grát og hljóp út á götu. Hann vissi ekki hvert hann ætti að fara, hann var villtur. Þá sá hann maríubjölluna, hann gekk til hennar og bað hana um að hjálpa sér. Maríubjallan sagði: „Afhverju á ég að hjálpa þér? Þú meiddir systur mína og nú liggur hún bara í húsi þínu og bíður eftir því að deyja því hún kemst ekki neitt.“ Kötturinn hugsaði „Æ, æ hvað hef ég gert, er ég virkilega svona vondur við þá sem eru minni en ég? Stóru dýrin voru vond við mig og mér líður illa. Ég vil ekki vera svona vondur.“ Þá kom bíll akandi og keyrði yfir köttinn. Kötturinn

hrökk upp með andfælum, leit í kringum sig og sá að hann var í rúminu sínu. „Aahaaaa, hjúkk ég er á lífi sagði hann glaður.“ Þá heyrði hann grát, hann leit niður og sá litlu sætu vængjalausu maríubjölluna. Hann mundi eftir draumnum og bað hana fyrirgefningar. Hann sagði við hana að hann skyldi hjálpa henni að festa vænginn aftur á. Maríubjallan varð glöð og þakkaði honum fyrir. Eftir það urðu þau bestu vinir og hjálpuðu hvort öðru þegar eitthvað var að.

Þetta sýnir að þeir stóru eiga að vera góðir við þá litlu og allir eiga að vera vinir og góðir við hvern annan.





„ÉG OG ÞÚ, ÞÚ OG ÉG, VIÐ TVÖ SAMAN“

Námskeiðin „Ég og þú, þú og ég, við tvö saman“ hafa verið í boði fyrir foreldra og nemendur barna í 1. – 7. bekk í vetur. Fyrir áramót var boðið upp á námskeið fyrir yngsta stigið þar sem unnið var úr trölladeigi og fímóleir. Einnig gátu þátttakendur valið um að gera jólasokka, jóla-kertastjaka, fléttur eða baka kökur. Námskeiðin fyrir miðstigið voru af svipuðum toga en þar var boðið upp á skák, þæfingu, skartgripagerð,

bakstur, jóga og gerð útikertastjaka. Það voru foreldrarnir Halldóra, Inga Birna og Ína Hrund ásamt Jónínu skólustjóra sem skipulögðu námskeiðin. Margir foreldrar stóðu að námskeiðunum í sjálfböðavinnu og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Einnig styrkti foreldrafélagið námskeiðin með fjárframlagi. Við erum ekki í nokkrum vafa um að þessi námskeið sem stuðla að aukinni samveru foreldra og barna

hafi uppeldis- og forvarnargildi. Það er ekki síður mikilvægt að gefa foreldrum tækifæri til þess að kynnst skólafélögum barna sinna og foreldrum þeirra og gefa nemendum tækifæri til þess að kynnst foreldrum skólafélaga sinna. Vonandi getum við haldið áfram að bjóða upp á svipuð námskeið næstu misseri því það var svo sannarlega mikil ánægja með námskeiðin í vetur.



Bókagjöf

Hjónin Aðalsteinn Guðnason og Sigrún Valtýsdóttir komu til okkar í mars og færðu bókasafni skólans veglega bókagjöf. Við þökkum þeim kærlega fyrir gjöfina sem kemur sér afar vel fyrir nemendur skólans.

Heimsókn frá leikskólum

Í vikunni fyrir páskafrí mættu flottir krakkar frá Akri og Holti í heimsókn til okkar í íþróttatíma. Krakkarnir tóku þátt í leikfimitíma með nemendum í 1. bekk. Í þeirri viku var Tarzanleikurinn allsráðandi og skemmtu börnin sér konunglega. Flestir af þessum krökkum koma til okkar í Akurskóla næsta haust og fengu þau því smjörþefinn af því hversu gaman er í leikfimi.

Ég hlakka til að hitta þessa krakka næsta haust þegar þau koma í 1. bekk.
Kveðja,
Freyr Brynjarsson íþróttakennari.



Bókagjöf til minningar um Maríu Kjeld



María Kjeld.

Í byrjun mars fékk Akurskóli afhenta veglega bókagjöf, alls um 200 titla, til minningar um Maríu Kjeld, en hún lést 8. október sl.. Ættingjum Maríu, sem afhentu gjöfina, er það sérstakt ánægjuefni að bækurnar hennar fái nýtt hlutverk í bókasafni Akurskóla. Bókagjöfinni fylgdi einnig 30.000 kr. peningagjöf frá ættingjum í Færeyjum.

María Kjeld fæddist 2. mars 1932 í Tjarnarkoti í Innri Njarðvík. Hún helgaði líf sitt uppeldis- og kennslumálum og starfaði lengst af sem skólastjóri Fullorðinsfræðslu fatlaðra. María ólst upp í Færeyjum fram á unglingsár, en flutti þá aftur til Innri Njarðvíkur.



Litla upplestrarkeppnin í 4. og 5. bekk

Nemendur í 4. og 5. bekkjum hafa í vetur verið duglegir að æfa sig í upplestri ýmis konar og að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri úr ræðustól. Síðan um áramót hafa verkefni í framsögn einnig tvinnast inn í heimavinnunna þar sem krakkarnir hafa fundið til efni, æft sig og síðan flutt erindi sín í skólanum. Framsagnartímarnir njóta mikilli vinsælda og óhætt er að fullyrða að nemendur í Höfrungum, Háhyrningum og Hnísnum hafa sýnt miklar framfarir í vetur og eru orðnir frambærilegir ræðumenn.

Í byrjun apríl var Litla upplestrarkeppnin haldin í 4. og 5. bekk. Fyrirmynd að keppninni er Stóra upplestrarkeppnin sem haldin er á landsvísi fyrir nemendur í 7. bekk ár hvert. Forkeppni var haldin í hverjum bekk og fjórir fulltrúar valdir til þátttöku í lokakeppninni sem haldin var í sal Akurskóla 6. apríl sl. Í dómnefnd sátu Jónína Ágústsdóttir, Dröfn Rafnsdóttir og Herborg Þuríðardóttir. Nemendurnir tólf sem lásu upp ljóð í lokakeppninni stóðu sig mjög vel og veittist það dómnefndinni afar erfitt að velja einn sigurvegara. Að vel ígrunduðu máli varð niðurstaðan sú að Karen Mist Argeirsdóttir hlaut verðlaun fyrir frammistöðu sína. Verðlaunin eru farandgripur sem hannaður var af Jönu Guðmundsdóttur smíðakennara eftir hugmynd Sveins Ólafs Magnússonar kennara. Verðlaunagripurinn sýnir opna bók og verður nafn vinningshafa greipt á blaðsíður hennar í framtíðinni.




ÖSKUDAGUR 2011



Þann 9. mars var Öskudagurinn haldinn með pompi og prakt hér í Akurskóla. Nemendur

og kennarar mættu þrúðbúnir í glæsilegum búningum. Dagskráin var þannig að hefðbundin kennsla var fyrstu tvo tímána. Klukkan 10 hófst svo skemmtunin þar sem nemendur fóru á hinar ýmsu stöðvar, t.d. í öskupokagerð, andlitsmálun, grímugerð, taflkeppni, trampolín í íþróttasalnum og borðtennismót. Að sjálfsgöðu fóru svo allir að slá köttinn úr tunnunni. Eftir mat fóru nemendur af stað í sæl gætisleiðangur um bæinn. Dagurinn heppnaðist mjög vel og nemendur voru til fyrirmyndar í alla staði.





Una María Magnúsdóttir
nemandi í Kjóum í 7. bekk skrifar

Mín sýn á Akurskóla

Akurskóli er fallegur skóli, bjartur og opinn. Ég er búin að vera hér í Akurskóla í fjögur ár en áður var ég í Háteigsskóla í Reykjavík í þrjú ár. Það var vel tekið á móti mér í skólanum sem er mjög mikilvægt þegar maður er að byrja í nýjum skóla. Mér finnst mjög góður andi í skólanum og mér líður vel. Andrúmsloftið er jákvætt, það er lögð áhersla á að öllum líði vel og að enginn sé skilinn útundan. Mér finnst sófarnir og stólarnir líka gera skólann heimilislegan og notalegan.

Akurskóli er „opinn skóli“ þar sem tveir árgangar eru saman í bekk. Mér finnst það hafa bæði kosti og galla að vera með eldri og yngri krökkum í bekk til skiptis. Kostirnir eru meðal annars þeir að maður kynnist krökkum á mismunandi aldri í skólanum. En það getur líka orðið erfitt að mynda föst vinatengsl við krakka sem eru ekki jafn gamlir og maður sjálfur, því maður er bara með þeim í bekk annað hvert ár. Kosturinn við „opinn skóla“ er líka sá að ef mjög vel gengur í einhverju fagi getur maður fengið kennslu og setið í bekk með eldri nemendum sem mér finnst góður kostur. Það er gott þegar maður getur unnið á sínum hraða í námsefninu og í því umhverfi sem hæfir.

Mér finnst mjög skemmtilegt í verk- og listgreinum og finnst gott að þær séu kenndar í smíðjum í staðinn fyrir að hafa þær allar í gangi allt árið. Þá getur maður einbeitt sér betur að hverri grein fyrir sig í hvert skipti. Mér finnst að það mætti alveg auka kennslu í verk- og listgreinum og blanda þeim meira inn í önnur fög. Það var til dæmis mjög gaman þegar við unnum verkefni um Jónas Hallgrímsson þar sem við bjuggum til bók með ýmsum fróðleik um skáldið og það mætti gera meira af þess konar skapandi verkefnum.

Félagslífið fyrir miðstigið mætti vera meira. Krakkarnir í 8. bekk og eldri hafa Fjörheima en við sem erum yngri höfum enga svoleiðis aðstöðu. Síðan fyndist mér frábært ef kosið væri í nemendaráð fyrir miðstigið í staðinn fyrir að það sé bara á unglíngastigi af því að þá geta krakkarnir á miðstigi ráðið félagslífinu sínu meira sjálfir og verið betur undirbúnir fyrir unglíngastigið varðandi félagsmálin.

Draumurinn minn er að í skólanum séu mismunandi rými, stór og lítil, lokuð eða opin allt eftir þörfum, þar sem nemendur geta sinnt ýmsum áhugamálum utan skólatíma, ýmist ein eða í hóp t.d. æft dans, tónlist, teft, skrifað sögur, lesið, leikið, teiknað o.s.frv.

Mér finnst útsvæðið gott í kringum skólann. Alltaf skemmtilegt og nóg að gera í frímínútonum. Það væri líka frábært ef það væru nokkrir bekkir úti þar sem nemendur gætu sest niður og spjallað án þess að þurfa að vera endilega í einhverjum leikjum.

Að lokum vil ég segja að það væri mjög gaman að hafa íþróttadag alla vega einu sinni á ári þar sem allir nemendur skólans tækju þátt í ýmsum íþróttum, þrautum o.fl.

Áfram Akurskóli!

Una María Magnúsdóttir

STÓRA UPPESTRARKEPPNIN 2011

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar 2011 fór fram í Duushúsum í byrjun mars. Fulltrúar Akurskóla að þessu sinni voru þau Adam Eiður Ásgeirsson og Una María Magnúsdóttir. Þau stóðu sig með mikilli þrýði og óskum við þeim til hamingju með frábæran upplestur. Fyrir lokahátíðina var haldin undankeppni í Akurskóla fyrir nemendur 7. bekkjar. Við þökkum nemendum í 7. bekkjum Akurskóla fyrir þátttökuna í þessari keppni og hvetjum alla nemendur í 6. bekkjum til að byrja að æfa sig fyrir næsta vetur því æfingin skapar meistarann.

Alls tóku átta skólar á Suðurnesjum þátt í keppninni eins og undanfarin ár. Það voru nemendur úr Holtaskóla, Njarðvíkurskóla og Grunnskólanum í Sandgerði sem hlutu 1. – 3. sæti í lokakeppninni og óskum við þeim til hamingju.



Una María Magnúsdóttir og Adam Eiður Ásgeirsson stóðu sig vel í upplestrarkeppninni.



Hugmyndir um nýtt útikennslusvæði

Vorið 2007 afhenti Reykjanesbær nemendum Akurskóla Kópuna til fósturs og varðveislu. Á þeim fjórum árum sem liðin eru hefur ýmislegt verið undirbúið, en ekkert aðhafst. Fljótlega kom upp sú hugmynd að svæðið yrði sameiginlegt útikennslusvæði Akurskóla og leikskólanna Holts og Akurs. Karólína Einarsdóttir og Anna Sofia Wahlström hafa borið hitann og þungann af undirbúningi útikennslusvæðisins og tengt við nám sitt við Menntavísindasvið HÍ á áhugaverðan hátt.

Nemendur skólanna þriggja voru komu með margar frábærar hugmyndir. Áttum við sem að málinu komu nokkra ágæta fundi með Umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar (USK) vorið 2010.

Í tillögu sem kynnt var fyrir nágrönnum Kópunnar var gengið út

frá hringlaga garði u.þ.b. 15 metra í þvermál með litlu skjólhýsi þar inn í. Sérstaklega var hugað að því að rask væri í lágmarki og að allt félli sem best að umhverfinu sem fyrir er. Viðbrögð margra íbúa voru jákvæð, en aðrir voru neikvæðir í garð verkefnisins og söfnuðu undirskriftum gegn því að nokkuð yrði aðhafst í Kópunni. Niðurstaðan varð að lokum sú að USK sendi Akurskóla bréf í ágúst sl. þar sem tilkynnt var formlega að ekkert yrði úr aðgerðum við útikennslusvæði í Kópu.

Við vorum því aftur komin á byrjunarreit og góð ráð dýr. Við höfðum rætt um það á fundi með USK sl. vor hvað væri til ráða ef ekkert yrði úr framkvæmdum í Kópunni og var rætt um að skoða með opnum huga hvaða staðsetningar aðrar kæmu til greina og var það gert.

Jafnframt leituðum við til Guðmundar Hrafnar Arngrímssonar landslagsarkitekts sem unnið hefur margar frábærar úrlausnir á útikennslusvæðum. Hann kom m.a. með þá snjöllu hugmynd að tengja útikennslusvæðið við gamla atvinnuhætti og sögu svæðisins á spennandi hátt.

Fljótlega komumst við að þeirri niðurstöðu að svæðið við Narfakotsseylu hentaði einstaklega vel til útikennslu og hefur sú staðsetning marga kosti, s.s. fjölbreytt lífríki, ágætt skjól fyrir veðri og vindum, nálægð við Víkingaheima og skólana sem að þessu koma. Einnig er stutt í stræto fyrir aðra skóla í Reykjanesbæ.

Í byrjun apríl sl. funduðum við með fulltrúum USK hér í Akurskóla og lögðum kapp á að undirbúa þann fund sem best og var vel tekið í sjónarmið okkar á fundinum.



Narfakotsseyla.

Akurskóli á grænni grein

Akurskóli er að taka þátt í verkefninu „Skóli á grænni grein“ sem er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu skóla. Akurskóli er að ljúka við skrefin sjö og þegar því marki er náð sækjum við um að fá að flagga Grænfánanum. Skrefin sjö eru verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál.

Innan Akurskóla höfum við að leiðarljósi að fara vel með umhverfið og náttúruna. Skólinn hefur frá upphafi verið fernulaus og notið eru margnota mataráhöld. Daglega er unnið markvisst að því að fara vel með pappír og endurnýta hann. Þá höfum við sérstakt endurnýtingarherbergi þar sem ýmsu er safnað sem við sjáum notagildi í, bæði til endurnýtingar og endurvinnslu.

Gaman var að sjá hvernig nemendur og kennarar fléttuðu endurvinnslu og endurnýtingu inn í þemaviku í vetur. Afraksturinn voru t.d. fallegar pappírsskálar, krúsir og laufblöð á vinatré. Það kemur sér vel að vera í þessu verkefni núna þar sem niðurskurður í skólum er mikill.

Vorið 2010 fengu 1. – 5. bekkur fötur til að setja í afganga af ávöxtum og grænmeti frá nestistímum. Föturarnar tæma nemendur reglulega í moltukassa sem staðsettir eru á bak við skólann. Í haust var fylgst vel með fötum bekkjanna og nemendur hafa staðið sig mjög vel í umgengni og notkun þeirra. Nokkrum bekkjum voru veittar viðurkenningar í formi ávaxtabakka þann 2. febrúar. Áfram verður fylgst með fötum bekkjanna og vonumst við til að geta veitt fleiri viðurkenningar í vor. Framtíðarmarkmiðið er að afrakstur moltugerðar verði hægt að nýta í matjurtagarð Akurskóla. Síðastliðið vor settu nemendur niður kartöflur sem þeir tóku upp í haust og var afraksturinn rúm 11 kíló eða 495 kartöflur.



Markmiðið er að auka þekkingu og styrkja grunn í umhverfismálum og að tekin sé ábyrg afstaða gagnvart umhverfi og umhverfismálum. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Frekar upplýsingar um Grænfánaverkefnið má finna á heimasíðu Landverndar sem og á heimasíðu Akurskóla.



Hluti af grænfánaverkefninu í Akurskóla er að setja niður kartöflur og hér leggja nemendur skólans sig fram við að undirbúa jarðveginn.



Fulltrúar skólanna þriggja ásamt Guðmundi Hrafní funduðu með formanni og framkvæmdastjóra USK í Akurskóla í byrjun apríl.

Þann 13. apríl var málið svo tekið til umfjöllunar á fundi hjá USK. Um niðurstöðu þess segir svo á heimasíðu Reykjanesbæjar: „Útikennslusvæði í Innri Njarðvík. Erindi frá Akurskóla og leikskólunum Holti og Akri. Ráðið telur hugmyndirnar sem vísa m.a. í menningarafleið svæðisins vera jákvæðar og framsýnar og í anda öflugr skólastarfs Reykjanesbæjar. Ráðið þakkar forsvarsmönnum verkefnisins afar vandaða og metnaðarfulla undirbúningsvinnu. Ákveðið var að láta fara fram grenndarkynningu.“

Þá er bara að krossa fingur og vona að allt fari á besta veg fyrir alla.

Kveðja,

Magnús Valur Pálsson,

myndmenntakennari

og útikennsluáhugamaður

TÖLVULEIKIR OG TÖLVUFÍKN

Flest grunnskólabörn nota daglega eða hafa notað daglega tölvur og tölvuleiki. Tölvuleikirnir eru vinsæl afþreying hjá strákunum á meðan stelpurnar sækja meira í spjallrásirnar. Úrvalið af tölvuleikjum er mikið á markaðnum í dag og eru allir nýir tölvuleikir merktir aldursflokkunarkerfi (PEGI) sem gefur til kynna hvort efnislegt innihald leiksins sé skaðlegur börnum. Það er ekki að ástæðulausu að tölvuleikir eru flokkaðir þar sem mikið af leikjum eru alls ekki ætlaðir börnum. Sem foreldri hef ég reynt að fara eftir þessum reglum og leyfi ekki börnunum mínum að leika tölvuleiki sem eru bannaðir þeirra aldri. Það getur verið mjög erfitt að fylgja þessu eftir þegar vinir þeirra mega leika bannaða leiki heima hjá sér, jafnvel leiki bannaða innan 18 ára aldurs. Það er með þetta eins og útivistartímann, við foreldrarnir þurfum að ræða saman og jafnvel samræma þær reglur sem við viljum að börnin okkar fari eftir.

Tölvunotkun barna í dag er mörgum foreldrum hulinn heimur. Þau þekkja hann ekki og eru því óundirbúin þeim afleiðingum sem tölvunotkun getur haft á líf barna þeirra.

Tölvufíkn er ný árátta sem hefur verið að aukast undanfarin ár og eru lítil sem engin meðferðarúrræði til við henni á Íslandi í dag. Tölvufíkn er eins og aðrar fíknir. Hún byrjar með minniháttar notkun, einstaklingurinn afneitar fíkninni þó hann sé í tölvunni meiri hluta dagsins. Það sem er erfiðast við fíknina er að umhverfið er dofið og jafnvel sofandi á meðan þetta er að gerast og því oft ekki gripið inn

í fíknina fyrr en einstaklingurinn er búinn að missa öll tök á lífinu.

Fyrstu kynni barna af tölvum í dag nær alveg til leikskólabarna. Þetta byrjar allt mjög sakleysislega hjá báðum kynjum. Stelpurnar eru að skoða stelpuleikina á meðan strákar byrja fyrst í barnaleikjum og fara síðan yfir í bardagaleikina. Út frá því fara stelpurnar að opna spjallrásirnar, facebook og msn og þegar kemur að unglingsárunum bætist formspring við, sem ég hvet alla foreldra til að kynna sér vel. Strákarnir eru töluvert minna á spjallrásunum, þeir eru í tölvuleikjunum og netleikjunum þar sem þeir gerast



áskrifendur að ýmsum ævintýraleikjum þar sem spilarar taka þátt í að skapa sinn heim með því að nota sitt eigið hugmyndaflug og sinn eigin sköpunarkraft. Hættan sem getur skapast við þessa leiki er að einstaklingurinn sem spilar þá getur flúið auðveldlega óþægilegar aðstæður í raunveruleikanum og þannig ánetjast þessum ævintýraheimi. Strákar eiga frekar á hættu að ánetjast tölvuleikjum en stúlkur, þó þekkist það hjá báðum kynjum. Einnig er einstaklingum með lágt sjálfsmat og kvíða hættara á að ánetjast tölvu.

Í starfi mínu sem náms- og starfsráðgjafi í Akurskóla hef ég þurft að aðstoða nemendur sem hafa verið komnir á það stig að tölvunotkun þeirra var komin upp í 12 - 14 tíma á dag. Þessir nemendur eiga það sameiginlegt að þeir fengu tölvu í fermingargjöf. Eftir það byrjuðu þeir að auka notkun sína töluvert jafnvel til klukkan þrjú á næturnar án vitundar foreldra. Það er mikilvægt að þekkja sum einkenni sem gætu bent til tölvufíknar. Einkenni

eins og þau að barnið segir ósatt um tölvunotkun sína, verkefni í skólanum hrannast upp, þreyta og barnið sofnar í tímum, einkunnir lækka, tölvun tekinn fram yfir vinina, hætta fyrri áhugamálum eða tómstundum og einangrast því heima hjá sér benda ótvírætt til þess að barnið er að ánetjast tölvunni. Einnig geta komið fram einkenni þar sem barnið er skapstygga og sýnir jafnvel ofbeldi ef reynt er að taka eða breyta tölvunotkun þess.

Til að geta leiðbeint börnunum okkar þurfum við að þekkja þennan tölvuheim þeirra. Vera dugleg að fylgjast með því hvað þau eru að gera í tölvunni og vera óhrædd við að setja þeim reglur um tíma þeirra í tölvunni. Á heimasíðu SAFT er að finna margar góðar upplýsingar og ráð um jákvæða tölvunotkun sem gott er að fara yfir með börnunum. Með því að fara saman yfir þessi ráð læra þau um ábyrga netnotkun. Það er von mín með þessari grein að þið foreldrar/forráðamenn verðið upplýstari og meðvitaðri um tölvunotkun barna ykkar og nemenda okkar, því það er þeim mikilvægt.

Kveðja,


Lovísa Hafsteinsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi Akurskóla



Gettu enn betur

Spurningakeppni grunnskólanna í Reykjanesbæ var haldin í síðasta mánuði. Fimm lið mættu til leiks og sigraði lið Holtaskóla. Lið Akurskóla var skipað þeim Adam Sigurðssyni, Ingimar Erni Kjartanssyni og Teiti Ara Theodórssyni. Þeir stóðu sig mjög vel og urðu í þriðja sæti eftir æsispennandi keppni við Njarðvíkurskóla þar sem einungis munaði einu stigi á liðunum þegar upp var staðið.



Frá vinstri: Ingimar Örn Kjartansson, Adam Sigurðsson og Teitur Ari Theodórsson.



Tónleikar hjá nemendum 2. bekkjar

Nemendur á öðru ári stóðu sig með glæsibrag þegar þeir spiluðu á tónleikum um miðjan mars ásamt lúðrasveit og rokkhljómsveit frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Tónleikarnir eru árlegur viðburður í Reykjanesbæ þegar nemendur annars bekkjar grunnskólanna koma fram og sýna hvað þeir hafa lært í tónlistarnámi yfir veturinn. Díana Lind sá um kennsluna í Akurskóla og var hún mjög ánægð með árangur nemenda. Á fyrri tónleikunum sem voru haldnir í Akurskóla voru áheyrendur úr 1. og 3. bekk og eiga þeir hrós skilið fyrir frábæra hlustun og virðingu sem þeir sýndu flytjendum. Seinni tónleikarnir voru ekki síður glæsilegir þegar nemendurnir spiluðu fyrir foreldra, ættingja og vini í íþróttahúsi Njarðvíkurskóla.

Könnun á virkni nemenda utan skólatíma

Fyrir páska var lögð fyrir nemendur könnun á almennri þátttöku þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi. Svör bárust frá 97 % nemenda í 8.-10. bekk. Það er óhætt að segja að niðurstöðurnar eru jákvæðar og sýna að nemendur okkar taka almennt virkan þátt í íþrótt- og tómstundastarfi. Þá stunda 60% nemenda íþróttir þrisvar sinnum í viku eða oftar og 16% stunda íþróttir tvisvar í viku. Það eru aðeins tæplega 10% nemenda sem segjast aldrei stunda íþróttir. Það er einnig ánægjulegt hversu

oft nemendur heimsækja vini sína því 65% heimsækja vini sína þrisvar sinnum eða oftar í viku og 23% gerir það a.m.k. einu sinni til tvisvar í viku. Nemendur kunna greinilega að meta það félagslíf sem skólinn býður uppá því 78% segist taka þátt í félagslífi skólans nokkrum sinnum í mánuði. Hins vegar kemur fram að 52% nemenda sækir aldrei í Fjörheima sem er félagsmiðstöð fyrir alla unglinga í Reykjanesbæ. Það kemur ekki á óvart að um 90% nemenda notar Internetið þrisvar sinnum eða oftar í viku

hverri. Við þurfum greinilega að vera duglegri að hvetja nemendur til þess að lesa bækur því 33% nemenda segist aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur og aðeins 33% segist lesa bækur nokkrum sinnum í mánuði. Unnið verður frekar úr könnuninni í vor og sumar og munu niðurstöður birtast á heimasíðu skólans. Það má segja að þessar niðurstöður séu mjög jákvæðar og gott að vita að nemendur okkar eru virkir þátttakendur í félagslífi utan skólatíma.

Náms- og kynnisferð til Bandaríkjanna

Þegar Akurskóli slítur þessu skólaári þá höfum við starfað í sex ár eða frá árinu 2005. Akurskóli er í stöðugri þróun og vex og dafnar með hverju skólaárinu sem líður. Við viljum alltaf gera betur og erum framsækin en til að fá innblástur í skólastarfið okkar þá var m.a. byrjað að ræða um að skoða aðra skóla og sjá hvað þeir eru að gera. Eftir fyrsta fund okkar, síðasta haust, var ákveðið að fara til Bandaríkjanna og heimsækja þar skóla sem eru starfræktir á svipaðan hátt og Akurskóli. Akurskóli er opin skóli með áherslu á samkenndu, einstaklingsmiðað nám, verkhöppur, smíðjur, útinám, vísindi og teymisvinnu kennara. Auk þess er Akurskóli í þróunarvinnu um uppbyggingu útinámssvæðis í samstarfi við nærliggjandi leikskóla og er einnig í Grænánavefkefninu.

Skipuð var sérstök ferðanefnd sem að vel íhuguðu máli valdi fjóra skóla sem allir eru í Minnesota. Þessar skólar eru Zoo School, Rutherford Elementary School, Fair School Downtown og Harambee School. Þessir skólar eru ólíkir en við teljum þá alla hafa eitthvað sem við getum séð, lært og nýtt okkur í starfinu okkar við Akurskóla.

School of Environmental Studies – Zoo School

Við völdum School of Environmental Studies, einnig nefndur Zoo School, til þess að fræðast um það hvernig þeir vinna með opin rými. Skólinn er hannaður þannig að á neðri hæð er stór fjölnota salur með náttúrfræðistofu og ýmsum smíðjum eins og listasmíðju. Á efri hæðinni eru fjögur rými og í hverju rými eru þrjú til fjórir kennarar með um 100 nemendur. Síðan er nemendum skipt í minni



hópa. Skólalóðin þeirra heillar okkur og viljum við fá að kynnst því hvernig þeir nýta hana með hliðsjón af útinámi.

Fair School Downtown

Fair School Downtown leggur mikla áherslu á grenndarnám og er í miklu og góðu sambandi við nærliggjandi fyrirtæki og stofnanir í Minneapolis. Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli skólans annars vegar og stofnana og fyrirtækja hins vegar. Fair School Downtown leggur einnig áherslu á skapandi skólastarf. Akurskóli hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á grenndarnám og skapandi skólastarf og vill styrkja hvort tveggja enn frekar.

Rutherford Elementary School

Rutherford Elementary School vakti athygli okkar vegna frásagnar Ingunnarskóla um verkhöppur þeirra. Akurskóli hefur frá upphafi notað Portfolio, eða verkhöppur, og hefur einnig lagt áherslu á aðgengi nemenda að tölvum. Rafrænar verkhöppur eru því mjög áhugaverðar og viljum við kynna okkur hvernig Rutherford nýtir

sér tæknina og hvernig kennarar halda utan um verkhöppur nemenda sinna á rafrænu formi. Viljum við sjá hvort rafrænar verkhöppur sé fýsilegur og raunhæfur kostur fyrir Akurskóla. Skólastjóri Rutherford hefur einnig boðist til að halda kynningu á stöðu menntamála í Minnesotafylki í ljósi niðurskurðar og kreppu.

Harambee School

Harambee Elementary School þótti okkur mjög áhugaverður skóli vegna áherslu hans á náttúruvísindi, sjálfbærni, útinám, fjölmenningu sem og á styrkingu einstaklingsins. Skólinn starfar allan ársins hring, í 45 daga kennslulotum með 15 daga frí þess á milli. Tveir árgangar eru í blönduðum hópum eins og í Akurskóla og viljum við kynnst því hvernig skipulagning kennslu er háttáð með hliðsjón af ofangreindum áherslum. Lóð skólans býður upp á fjölbreytt útinám og viljum við skoða það sérstaklega með tilliti til náttúrufræðináms yngri nemenda.

Alls fara tæplega 40 starfsmenn Akurskóla í ferðina en lagt verður af stað fimmtudaginn 2. júní og dvalið ytra í fimm daga. Góð liðsheild er mikilvægur hluti af starfsumhverfi okkar í Akurskóla. Góð liðsheild dregur fram það besta í hverjum hópi, stuðlar að jákvæðum samskiptum og nánú samstarfi. Án ef mun náms- og kynnisferð af þessu tagi efla okkur og styrkja sem starfsmenn Akurskóla.



ÁFRAM UNGLINGA- DEILD!

Í unglingadeild hefur verið unnið markvisst að því að samræma reglur, efla og bæta námsumhverfi nemenda og efla samstarf og samvinnu innan rýmis.

Nemendur í 8.-9.bekk, Pröstum, Tjöldum og Spóum fengu sófasett, hægindastól, bókahillu og bækur. Bækurnar voru m.a. gjöf frá foreldrum eins nemanda. Fótboltaspil er einnig til taks en það var líka gjöf frá foreldrum.

Nemendur í unglingadeild fá að vera inni í frímínútum og þá hafa sófarnir komið sér vel. Nemendur eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfúsir og það



er margt í gangi hér í Akurskóla alla daga þar sem nemendur mennta sig, eflast og blómstra. Það eru svo sannarlega spennandi tímar framundan í unglingarými með góðum nemendahóp og kennurum sem eru alltaf að þróa sig í starfi.

Vonandi finna nemendur breytingu til batnaðar í rýminu þegar fram líða

stundir. Þeir þurfa líka að vera ábyrgir og koma ábendingum til kennara um það sem betur mætti fara.

Höldum áfram að gera unglingarýmið aðlaðandi og setjum okkur góð og gegn námsmarkmið.

*Kveðja,
Ingigerður Sæmundsdóttir,
umsjónarkennari Arna (10. bekk).*



Lars kvaddur

Í lok marsmánaðar lét Lars Imsland af störfum sem aðstoðarskólalastjóri Akurskóla, til að taka við stöðu skólalastjóra Hraunvallaskóla í Hafnarfirði. Samstarfsmenn og nemendur komu saman á sal til að kveðja Lars og við það tækifæri gerði hann sér lítið fyrir, tók upp gítar og tók lagið við góðar undirtektir. Við þökkum Lars samstarfið og óskum honum velfarnaðar í nýja starfinu.

AKURSKÓLI Á IÐI vorið 2011



Nú eru að fara að hefjast gönguferðir nemenda í Akurskóla og fjölskyldna þeirra. Sú fyrsta er sunnudaginn 15. maí og síðan er gengið næstu tvær helgar á eftir. Áætlun má sjá hér til hliðar.

Allar göngurnar hefjast við Akurskóla á tilgreindum tíma og þaðan er farið í samfloti. Þessar ferðir miðast við það að allir í fjölskyldunni geti tekið þátt. Nestisstopp er í öllum ferðunum, grillað í þeirri síðustu.

15. maí kl. 11:00:

Söguslóðir í Innri-Njarðvík

með Magnúsi Vali Pálssyni.

21. maí kl. 10:00:

Hafnarberg

undir forystu Helgu Eiríksdóttur.

29. maí kl. 11:00:

Staðaborg á Vatnsleysuströnd

undir forystu Stefáns Stefánssonar.

Grillað verður í ferðinni. Hver og einn mætir með eitthvað á grillið og drykki.

Skólaferðalag hjá 10. bekk

Nemendur í 10. bekk hafa staðið í ströngu við að safna fyrir skólaferðalagi. Þau hafa nú náð takmarki sínu eftir námsmarðon, klósett- og eldhúspappírssölu, lakkrissölu og fleira. Stefnan er tekin norður yfir heiðar nánar til tekið í Skagafjörðinn. Það er mikil tilhlökkun hjá nemendum fyrir þessari ferð.

Ferðin er þriggja daga skemmti- og ævintýraferð. Ingigerður umsjónarkennari og Lovísa námsráðgjafi halda utan um hópinn og sjá til þess að allir skemmti sér vel.

Miðvikudagur 4. maí

Lagt af stað frá Akurskóla kl. 9. Eftir 4 - 5 tíma akstur norður í Skagafjörð hefjum við leikinn á klettasígi og leirdúfuskotfimi skammt frá Sauðárkróki. Við ljúkum deginum með pizzaveislu á Króknum áður en við höldum í Varmahlíð þar sem við gistum í svefnpokaplássi í þremur sumarhúsum. Milli húsanna er heitur pottur upphlaðinn

úr grjóti, tilvalinn staður til slökunar.

Fimmtudagur 5. maí

Eftir morgunverð njótum við alls þess sem dagurinn býður uppá. Við tökum skagfirsku gæðinga til kostanna á bökkum Svartár, sjáum tölvu mjólka kýr, en við hefjum daginn á flúðasíglingu í vestari Jökulsá kl. 9. Seinnipartinn förum við síðan út í Hofsóss í sund og ef til vill heimsækjum við bílasafn / Samgönguminjasafnið í Óslandshlíðinni á leiðinni. Kvöldverður í sumarhúsunum eða kjúklingur í KS Varmahlíð og slökun í heita pottinum.

Föstudagur 6. maí

Eftir morgunverðinn förum við að huga að heimferð og frágangi í sumarhúsunum en áður en við kveðjum Skagafjörð litum við heiminn í hressilegum litboltaleik á Vindheimamelum. Um hádegisbil kveðjum við Skagafjörð og höldum heim á leið á vit nýrra ævinrýa.



10. bekkur í Akurskóla skellti sér í útskriftarferð í Skagafjörðinn. Flottur hópur.

Skólaslit verða miðvikudaginn 1. júní sem hér segir:

1. bekkur	kl. 14:00	6.-7. bekkur	kl. 17:00
2.-3. bekkur	kl. 15:00	8.-9. bekkur	kl. 18:00
4.-5. bekkur	kl. 16:00	10. bekkur	kl. 20:00

Nemendur fá námsmatsblöðin sín afhent við skólaslit.

KORNID

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is

STARFSMANNAKYNNING



Halldóra Kristín Magnúsdóttir er nýr aðstoðarskólastjóri Akurskóla

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík. Ólst upp í Hlíðunum, spilaði handbolta með Val og lærði þjóddansa hjá Þjóddansafélagi Reykjavíkur. Áhugamál fyrir utan starfið eru íþróttir og tónlist. Ég er í sambúð með Unnari Þór Böðvarssyni fyrrverandi skólastjóra og saman eigum við 5 börn og 4 barnabörn.

Ég útskrifaðist frá KHÍ vorið 1979. Flutti á Hvolsvöll 1980, kenndi í fimm ár í Grunnskóla Vestur-Landeyja í Njálsbúð og fimm ár í Hvolsskóla á Hvolsvelli. Hef starfað við skólastjórnun frá 1990, aðstoðarskólastjóri Hvolsskóla frá 1992.

Mér líst ljómandi vel á Akurskóla, hér hefur verið tekið mjög vel á móti mér. Skólinn er hlýlegur og fallegur og ég hlakka til að starfa í skóla þar sem lögd er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda og byggja starfið á styrkleikum hvers og eins. Ég hef mjög góða reynslu af svona starfi frá Hvolsvelli og vona að ég geti lagt eitthvað á vogarskálarnar.



Gleðilegt sumar!